


Tússtöflur



LOGOFLEX framleiðir fjöldan allan af túss-, post-it™ og skipulagstöflum í ýmsum stærðum og gerðum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Töflurnar eru annað hvort á fæti með hjólum eða veggfestar og í boði er að fá samanbrjótanlegar töflur sem hámarka vinnuflöt um leið og lágmarka fyrirferð þegar taflan er ekki í notkun. Til viðbótar við staðlaðar töflur framleiðum við einnig töflur þar sem stærðir, litir og grafík eru sérhönnuð eftir þörfum viðskiptarvinnarinnar. Áframmi er utan um töflurnar sem er sprautulakkaður í þeim lit sem óskað er eftir.

Segultöflur



Blikk undirlag tryggir að seglar ríghalda sér í flötinn og auka þar með notagildi töflunnar. Einungis er notast við hágæða tússstöflufilmu sem auðvelt er að halda hreinni.

Skipulagstöflur




Algengt er að stuðst er við hin ýmsu skipulagskerfi þegar unnið er með töflur, þá ýmist viðurkennd kerfi utan úr heimi eða einhverjar bráðsnjallar lausnir þróaðar innanhúss. Þá er lítið mál að senda okkur grafík sem óskað er eftir að nota og er hún prentuð á flötinn, undir tússstöflufilmuna. Hér er möguleikarnir óendanlegir þar sem litir, logo og letur getur verið á hvaða hátt sem er.

POST-it töflur



Svokallaðar POST-it töflur hafa verið gríðarlega vinsælar upp á síðkastið enda hefur notagildi þeirra við ýmiskonar skipulags- og áætlunargerð marg sannað sig. Þessar töflur eru léttari en tússstöflurnar og eru alls ekki ætlaðar fyrir töflutúss. Flöturinn er filmaður í þeim lit sem óskað er eftir.

Aukahlutir og séróskir



Bakki undir töflurnar er ekki staðalbúnaður en að sjálfsgöðu í boði sé þess óskað. Við munum koma til með að bjóða upp á fleiri aukahluti í nánari framtíð en eins og vanalega tókum við öllum séróskum með opnum hug og erum ávallt til í að þróa nýjar lausnir með viðskiptavinum okkar.

Helstu mál og mögulegar stærðir

